



**STARFSSKÝRSLA  
SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS**

**MILLI AÐALFUNDA  
Á DJÚPAVOGI 2016  
OG Í STÓRUTJARNASKÓLA 2017**



## **Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands í Stórutjarnaskóla 25.-27. ágúst 2017**

### **Föstudagur 25. ágúst**

09:30 **Afhending fundargagna**

10:00 **Fundarsetning og ávörp**

*Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands*

*Agnes Þórunn Guðbergsdóttir, formaður Skógræktarfélags S-Pingeyinga*

*Pröstur Eysteinnsson skógræktarstjóri*

*Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri Þingeyjarsveitar*

10:45 **Skýrsla stjórnar Skógræktarfélags Íslands, m.a. Úlfljótsvatn**

*Magnús Gunnarsson og Brynjólfur Jónsson*

**Reikningar Skógræktarfélags Íslands**

*Brynjólfur Jónsson*

**Skýrsla Landgræðslusjóðs**

*Guðbrandur Brynjúlfsson*

**Fyrirspurnir um skýrslu stjórnar**

11:30 **Skipað í nefndir. Tillögur lagðar fram og kynntar**

11:45 **Stutt kynning á sveitarfélaginu**

11:55 **Skoðunarferð dagsins kynnt** – *Agnes Þórunn Guðbergsdóttir*

12:00 **Hádegisverður**

13:15 **Skoðunarferð**

21:00 **Áætluð koma úr skoðunarferð**



**Laugardagur 26. ágúst**

08:30 **Nefndastörf**

10:00 **Fræðsluerindi**

10:00 **Hólasandur:**  
**Saga Hólasands - Pröstur Eysteinnsson**  
**Framkvæmdir - Daði Lange Friðriksson**  
**Gróðursetning, gróðursetningarvél - Gunnildur Ingólfssdóttir**

**Frærækt á Vöglum - Valgerður Jónsdóttir**

**Í héraði íslenska birkiskógarins** – Niðurstöður úr úttektum íslenskrar skógarúttektar á Mógilsá á útbreiðslu og vexti náttúrulegra birkiskóga –  
*Arnór Snorrason*

12:00 **Fyrirspurnir og umræður**

12:10 **Hádegisverður**

13:30 **Skoðunarferð**

17:00 **Komið úr skoðunarferð**

19:30 **Fordrykkur**

20:00 **Hátíðarkvöldverður**

**Hátíðardagskrá í boði Skógræktarfélags S-Þingeyinga**  
**Heiðranir, tónlistaratriði og fleira**

**Sunnudagur 27. ágúst**

10:00 **Yfirferð kjörbréfanefndar**

10:05 **Afgreiðsla reikninga**

10:15 **Afgreiðsla tillagna**

11:00 **Almennar umræður**

11:30 **Kosning stjórnar**

12:00 **Fundarlok**



# Efnisyfirlit

<b>INNGANGUR</b> .....	<b>1</b>
<b>STJÓRN OG STARFSFÓLK SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS</b> .....	<b>1</b>
<b>UMSVIF OG LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI</b> .....	<b>2</b>
<b>ÚTGÁFUMÁL</b> .....	<b>3</b>
SKÓGRÆKTARRITID .....	3
LAUFBLAÐID .....	3
FRÆKORNID .....	3
TÆKIFÆRISKORT .....	3
FÉLAGSSKÍRTEINI SKÓGRÆKTARFÉLAGANNA .....	3
HEIMASÍÐA .....	3
<b>FRÆÐSLUSTARF</b> .....	<b>3</b>
<b>FUNDIR OG RÁÐSTEFNUR</b> .....	<b>4</b>
AÐALFUNDUR 2016 .....	4
FULLTRÚAFUNDUR 2017 .....	6
FAGRÁÐSTEFNA SKÓGRÆKTAR .....	6
<b>SKÓGRÆKTARSVÆÐI</b> .....	<b>7</b>
BRYNJUDALUR .....	7
ÚLFLJÓTSVATN .....	7
<b>UMSJÓN</b> .....	<b>8</b>
LANDGRÆÐSLUSKÓGAR .....	8
TRÉ ÁRSINS .....	8
LANDGRÆÐSLUSJÓÐUR .....	8
KOLVIÐUR .....	9
YRKJA - SJÓÐUR ÆSKUNNAR TIL RÆKTUNAR LANDSINS .....	9
SKÓGRÆKTARSJÓÐUR HÚNAVATNSSÝSLU .....	9
SKÓGRÆKTARSTARF LANDSVIRKJUNAR VIÐ BÚRFELL .....	10
<b>ERLEND SAMSKIPTI</b> .....	<b>10</b>
EUROPEAN FOREST NETWORK .....	10
FRÆÐSLUFERÐIR .....	10
HEIMSÓKN SKÓGRÆKTARFÉLAGSINS Í SOGNI OG FJÖRDUM .....	11
<b>ÝMIS VERKEFNI</b> .....	<b>11</b>
STEFNUMÓTUN .....	11
SJÁLFBODALIÐAR – EUROPEAN VOLUNTEER SERVICE .....	11
GLOBAL RELEAF STYRKUR .....	12
UMSAGNIR .....	12
<b>ÞAKKIR</b> .....	<b>13</b>
SAMSTARFSADILAR .....	13
STUÐNINGSAÐILAR .....	13

## Ljósmyndir í skýrslu:

*Einar Gunnarsson, Ragnhildur Freysteinsdóttir.*

*Reykjavík, ágúst 2017*



## INNGANGUR

Skógræktarfélag Íslands fæst við ýmislegt tengt skógrækt, bæði ýmis reglubundin verkefni (eins og til dæmis Landgræðsluskógaverkefnið) og annað sem kemur upp eitt ár, en svo ekki meir. Í þessari skýrslu er farið yfir það helsta sem félagið hefur fengist við frá aðalfundi á Djúpavogi árið 2016.

## STJÓRN OG STARFSFÓLK SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

Á aðalfundinum 2016 voru Aðalsteinn Sigurgeirsson og Páll Ingbór Kristinsson endurkjörnir í stjórn. Varamenn voru kosin Kristinn H. Þorsteinsson, Laufey B. Hannesdóttir og Sigríður Heiðmundsdóttir. Sem skoðunarmenn reikninga voru endurkjörnir Arni Þórólfsson og Halldór Halldórsson.

Stjórnin skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt: Magnús Gunnarsson formaður, Sigrún Stefánsdóttir varaformaður, Sigríður Júlía Brynleifsdóttir gjaldkeri, Aðalsteinn Sigurgeirsson ritari, og Guðbrandur Brynjúlfsson, Páll Ingbór Kristinsson og Þuríður Yngvadóttir meðstjórnendur. Stjórnin hélt tíu fundi á tímabilinu. Eins og verið hefur voru varamenn og skógræktarstjóri boðaðir á alla stjórnarfundum Skógræktarfélagsins.

Hjá félaginu störfuðu fimm fastráðnir starfsmenn á tímabilinu: Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri, Einar Gunnarsson skógræktarfræðingur, Hrefna Einarsdóttir skrifstofustjóri, Jón Ásgeir Jónsson skógfræðingur og Ragnhildur Freysteinsdóttir umhverfisfræðingur.

Tveir lausráðnir starfsmenn voru hjá félaginu á tímabilinu; Eiríkur Gíslason, sem vann að ýmsum sérverkefnum og Sigurður Skúlason, sem vann að samningamálum Landgræðsluskóga.

Stjórn félagsins og starfsmenn leitast eftir megni að styrkja starfsemi aðildarfélaganna með fræðslu, ráðgjöf og leiðbeiningum og hefur eftir föngum fylgst með starfsemi félaganna.



*Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands og Magnús Gunnarsson, formaður félagsins, hressir og kátir á aðalfundi félagsins á Djúpavogi 2016.*

## UMSVIF OG LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI

	2016	2015
<b>Rekstrarreikningur</b>		
Rekstrartekjur	43.815.557	41.491.339
Rekstrargjöld	40.452.833	37.789.008
Rekstrarhagnaður (tap) án fjárm.tekna og fjárm.gjalda	3.362.724	3.702.331
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(2.160.256)	(2.459.267)
<b>Hagnaður (tap) ársins</b>	<b>1.202.468</b>	<b>1.243.064</b>
<b>Efnahagsreikningur</b>		
Eignir		
Fastafjármunir	190.743.087	190.545.361
Veltufjármunir	22.421.258	27.802.271
<b>Eignir samtals</b>		<b>218.447.632</b>
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé	165.901.313	145.948.845
Skammtímaskuldir	34.792.188	37.706.599
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>213.164.345</b>	<b>218.447.632</b>
<b>Eignir í bundnum sjóðum</b>	<b>34.445.929</b>	<b>56.996.799</b>



*Jólasveinar á ferðinni í skógi félagsins í Brynjudal í Hvalfirði.*

## ÚTGÁFUMÁL

### Skógræktarritið


Á milli aðalfunda hafa komið út tvö hefti Skógræktarritsins. Skógræktarritið 2. töl. 2016 kom út í desember 2016 og 1. töl. 2017 kom út í maí á þessu ári. Áskrifendur eru nú tæplega 2.200. Skógræktarritið er með eigin síðu á Facebook.

### Laufblaðið

Á tímabilinu komu út þrjú tölublöð Laufblaðsins – í nóvember 2016, á alþjóðlegum degi skóga í mars 2017 og í lok júlí 2017. Rafræn tölublöð eru send öllum félagsmönnum í skógræktarfélagunum sem skráðir eru með netfang og eru þeir félagsmenn jafnframt með í pottinum í netfangaleik Laufblaðsins. Voru þrír vinningshafar dregnir út þann 15. maí.

### Frækornið

Á starfsárinu kom út eitt eintak af fræðsluritinu Frækornið, en það fylgir nú Skógræktarritinu. Efni þess var *Skógrækt á svölunum* (nr. 35). Höfundur þess var Hafsteinn Hafliðason.



### Tækifæriskort

Félagið gaf út kort með mynd eftir Wu Shan Zhuan og prýddi sú mynd einnig forsíðu 2. heftis Skógræktarritsins 2016.

### Félagsskírteini skógræktarfélaganna

Prentuð voru félagsskírteini fyrir alla félagsmenn og þau send til skógræktarfélaganna. Leitað var til ýmissa fyrirtækja um afslátt á vörum og þjónustu. Að þessu sinni veittu tólf fyrirtæki félagsmönnum 10-20% afslátt gegn framvísun skírteinisins. Fyrirtækin eru: Blómaval, Garðheimar, Garðyrkjustöðin Kvistar, Gróðrarstöðin Barri, Gróðrarstöðin Mörk, Gróðrarstöðin Réttarhóll, Gróðrarstöðin Þöll, Húsasmiðjan, MHG Verslun, Náttthagi garðplöntustöð, Skógræktarstöðin Ölur og Sólskógar.



### Heimasíða

Félagið hélt úti heimasíðunni [www.skog.is](http://www.skog.is) á tímabilinu. Á síðunni eru grunnupplýsingar um félagið og einstök skógræktarfélag, auk þess sem birtar eru fréttir frá skógræktarfélagunum og fréttir um ýmsa skógartengda viðburði. Félagið er einnig með síðu á Facebook. Fjöldi einstaklinga á almennum póstlista félagsins er tæplega 3.200.

### FRÆDSLUSTARF

Félagið sinnti sem fyrr fræðslu- og leiðbeiningastarfi fyrir almenning. Sátu fulltrúar félagsins fyrir svörum við ýmis tilefni og voru í samskiptum við mörg skógræktarfélag, með formlegum heimsóknum, mætingu á viðburði hjá félagunum, og með símtölum og tölvupóstum.



## FUNDIR OG RÁÐSTEFNUR

### Aðalfundur 2016

81. aðalfundur Skógræktarfélag Íslands var haldinn á Djúpavogi dagana 2. – 4. september 2017. Fundinn sóttu á annað hundrað fulltrúar skógræktarfélaganna og gestir, víðs vegar af landinu, en gestgjafi var Skógræktarfélag Djúpavogs.

Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélag Íslands, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Magnús fór stuttlega yfir starfsemi félagsins frá síðasta aðalfundi og minntist félag og velunnara félagsins sem fallið höfðu frá. Aðrir á mælendaskrá voru Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis – og auðlindaráðherra, Þróstur Eysteinnsson skógræktarstjóri og Þorbjörg Sandholt, formaður ferða – og menningarmálanefndar Djúpavogs.

Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa samþykkti aðalfundurinn fjórar tillögur að ályktunum. Farið var í tvær vettvangsferðir. Á föstudeginum var byrjað á því að aka um Djúpavog, en þaðan var svo haldið að Teigarhorni og á laugardeginum var haldið í Hálsaskóg.



*Fundargestir á aðalfundi Skógræktarfélag Íslands á Djúpavogi 2016 fá fræðslu um Teigarhorn.*

### *Eftirfylgni við ályktanir aðalfundar Skógræktarfélag Íslands 2016*

Ályktunum aðalfundarins á Djúpavogi hefur verið fylgt eftir af stjórn svo sem hér segir:

#### **Ályktun 1:**

##### *Græni stígurinn í græna trefli höfuðborgarsvæðisins*

*Aðalfundur Skógræktarfélag Íslands, haldinn á Djúpavogi 2.-4. september 2016, beinir þeim tilmælum til stjórnar Skógræktarfélag Íslands að stjórnin hvetji sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu til að ljúka skipulagsvinnu og undirbúningi að gerð Græna stígsins í græna trefli skógræktarsvæðanna ofan byggðar höfuðborgarsvæðisins og setja verkefnið í*


forfang. Stígurinn þarf að vera inni á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags og samþykkjast af svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins.

Erindið var sent á öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og til Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Þá var málið einnig tekið upp á fundi formanns og framkvæmdastjóra með samgöngu – og sveitarstjórnarráðherra, Jóni Gunnarssyni, þann 17. maí þar sem heitið var liðsinni ráðuneytisins við fyrirhuguð áform um uppbyggingu Græna stígsins.

## Ályktun 2:

### Efling skógræktar

Aðalfundur Skógræktarfélag Íslands, haldinn á Djúpavogi 2.-4. september 2016, hvetur stjórnvöld til að stórauka framlög til skógræktar. Vísað er til þingsályktunar sem samþykkt var samhljóða á Alþingi árið 2014 sem fjallaði m.a. um eflingu skógræktar sem atvinnuvegar. Gróðursetning skógarplantna hefur dregist saman ár frá ári allt frá árinu 2007, þegar 6 milljónir skógarplantna voru gróðursettar í 3 milljónir skógarplantna á ári. Meðfylgjandi mynd Einars Gunnarssonar úr Skógræktarritinu 1. tbl. 2016 sýnir stöðuna. Þessi þróun er mikið áhyggjuefni og hefur ekki bara haft áhrif á gróðursetningu heldur einnig á skógarplöntuframleiðslu sem atvinnuveg, sem er að verða mjög veikburða. Hætt er við að forsendur fyrir eðlilegu samkeppnisumhverfi á því sviði séu að bresta. Markmiðið er að á næstu 5 árum verði stefnt að því að gróðursetja 8 milljónir skógarplantna á ári hverju.



Ályktunin var send á umhverfis- og auðlindaráðuneytið, atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið, forsætisráðuneytið og fjárlaganefnd Alþingis. Málið var einnig reifað á fundi formanns og framkvæmdastjóra 16. júní með umhverfis- og auðlindaráðherra, Björt Ólafsdóttur.

### **Ályktun 3:**

#### *Þjóðlendum til skógræktar*

*Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Djúpavogi 2.-4. september 2016, hvetur stjórn Skógræktarfélags Íslands til að fylgja fast eftir ályktun 1 frá aðalfundi Skógræktarfélags Íslands 2015.*

Erindið var sent á forsætisráðuneytið en ekki hefur fundist ráðrúm til að fylgja málinu frekar eftir í ráðuneytinu.

### **Fulltrúafundur 2017**

Fulltrúafundur skógræktarfélaganna 2017 var haldinn laugardaginn 25. mars í sal Garðyrkjufélags Íslands. Mættu tæplega fimmtíu fulltrúar frá skógræktarfélögum víðs vegar af landinu á fundinn, en meginþema hans var verkefnið Landgræðsluskógar. Mikill vilji kom fram á fundinum til að halda verkefninu áfram af fullum þunga. Æskilegt er að gerður verði samningur til 10 ára auk þess sem samningsupphæðin hefur verið óbreytt í 10 ár. Samantekt fundarins var kynnt Björt Ólafsdóttur, umhverfis- og auðlindaráðherra, á fundi 16. júní.

### **Fagráðstefna skógræktar**

Skógræktarfélag Íslands var formlegur þátttakandi í Fagráðstefnu skógræktar sem haldin var í Hörpu í Reykjavík dagana 22. – 24. mars 2017. Þema ráðstefnunnar var tengt skógræktarrannsóknum fyrr og nú.



*Unnið í hópum á fulltrúafundi skógræktarfélaganna í mars.*

## SKÓGRÆKTARSVÆÐI

### Brynjudalur

Unnið var áfram að uppbyggingu jólatrjáaræktunar í Brynjudal. Seld voru 1.339 jólatré úr skóginum, þar af 248 til starfsmanna fyrirtækja sem koma í jólaskóginn um helgar á jólaföstu. Unnið var að umhirðu og grisjun. Komið var fyrir grindahliði framan við tún Ingunnarstaða þannig að ekki þarf lengur að opna og loka hliði á leið til skógar.

### Úlfljótsvatn

Sameignarfélagið Úlfljótsvatn sf. hefur haldið allmarga fundi en í félaginu sitja tveir fulltrúar frá Skógræktarfélagi Íslands og tveir frá skátahreyingunni. Tilgangur félagsins er að halda utan um rekstur jarðarinnar að Úlfljótsvatni og standa vörð um hagsmuni eigenda vegna eignarréttar og takmarkana á réttindum landeigenda. Lokið er þinglýsingu og skráningu á öllum landnúmerum á Úlfljótsvatni. Unnið hefur verið að gerð deiliskipulags á svæðinu.

Fyrirhuguð er gróðursetning starfsfólks Sendiráðs Bandaríkjanna á Íslandi í ágúst. Er það í fjórða sinn sem sendiráðið kemur til að gróðursetja hjá félaginu.

Skrifað var undir verksamning um skógræktarframkvæmdir við Kolvið. Byrjað var að gróðursetja þar í Kolviðarskóg sumarið 2016 og var haldið áfram nú í sumar.

Mikið verk er framundan við endurnýjun fjárheldrar girðingar um jörðina. Sjá sérstaka greinargerð um Úlfljótsvatn.



*Jólaskraut sett upp í Tjaldinu, öðru húsi Skógræktarfélags Íslands í Brynjudal, áður en hópar koma til að ná sér í jólatré.*

## UMSJÓN

### Landgræðsluskógar

Í framhaldi af fulltrúafundi sem haldinn var í marsmánuði sl. hófst undirbúningur og vinna við endurnýjun á Landgræðsluskógasamningi, en núverandi samningur rennur út á næsta ári. Hafa Gísli Eiríksson, formaður samráðsnefndar um Landgræðsluskóga, Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélagssins. og Björn Helgi Barkarson, fulltrúi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, unnið að gerð endurnýjað samnings. Markmiðið er að gengið verði frá nýjum samningi á haustdögum.

### Opinn skógur

Unnið var að almennu viðhaldi og umhirðu í þeim skógum sem þegar hafa verið opnaðir. Skilti voru endurnýjuð í Hrótey. Unnið er að opnun Brynjudalsskógar en þar hefur starfið undanfarin ár miðað að bættu aðgengi og fellur það vel að megin starfseminni, sem er ræktun og sala á jólatrjám.

### Tré ársins

Tré ársins 2017 var formlega útnefnt við hátíðlega athöfn þann 29. júlí. Að þessu sinni var um beyki (*Fagus sylvatica*) að ræða, í Hellisgerði í Hafnarfirði.



Tré ársins 2017 – beyki í Hellisgerði í Hafnarfirði.

### Landgræðslusjóður

Fulltrúar Skógræktarfélagss Íslands í stjórn Landgræðslusjóðs voru á árinu Guðbrandur Brynjúlfsson, sem var formaður sjóðsins, Magnús Gunnarsson og Þuríður Yngvadóttir. Þá sitja einnig í stjórn sjóðsins Þróstur Eysteinnsson skógræktarstjóri og Árni Bragason landgræðslustjóri. Ekki var úthlutað úr sjóðnum í ár. Að öðru leyti vísast til skýrslu sjóðsins.

## Kolviður

Merkja má aukinn áhuga fyrir kolefnisjöfnun meðal fyrirtækja í alþjóðaviðskiptum, sérstaklega eftir Parísarfundinn um loftslagsmál (COP21) og hafa tekjur sjóðsins tvöfaldast milli ára. Skrifað var undir verksamning um skógræktarframkvæmdir í Kolviðarskógi á Úlfjótuvatni. Gróðursett var á Úlfjótuvatni sumarið 2016 og því verki fram haldið nú í sumar. Í fyrsta Kolviðarskóginum í landi Stóra-Hofs var endurgróðursett í svæði frá 2013 þar sem óeðlilega mikið vanhöld urðu og lokið við að gróðursetja í flestar glufur. Svæðið er því fullnýtt og aðeins eftir að sinna umhirðu og smávægilegum íbótum.



*Fyrsti Kolviðarskógurinn vex upp. Þegar gróðursetning Kolviðarplantna hófst 2007 var þarna meira eða minna svartur sandur, en nú er margvíslegur gróður að koma upp inn á milli trjáanna.*

## Yrkja - sjóður æskunnar til ræktunar landsins

Framkvæmdir á vegum Yrkjusjóðs voru með venjubundnum hætti en þátttaka skóla var ívið minni en verið hefur undanfarin ár, eða tæplega 90 skólar. Í tilefni 25 ára afmælis sjóðsins stóð Yrkjusjóður, í samstarfi við Skógræktarfélag Íslands, fyrir ljóðasamkeppni meðal grunnskólanema í 5. – 10. bekk. Veitt voru verðlaun í tveimur flokkum, fyrir besta ljóð 5. – 7. bekkjar og besta ljóð 8. – 10. bekkjar. Að auki ákvað dómnefnd að veita sérstaka viðurkenningu fyrir sjö ljóð til viðbótar. Skógræktarfélag Íslands annast rekstur Yrkju og situr framkvæmdastjóri félagsins alla stjórnarfundir. Páll Ingbór Kristinsson tók við setu í stjórn sjóðsins sem fulltrúi Skógræktarfélagsins, í stað Magnúsar Gunnarssonar.

## Skógræktarsjóður Húnavatnssýslu

Skógræktarsjóður Húnavatnssýslu er í vörslu Skógræktarfélags Íslands en sjóðurinn veitir skógræktarfélögum sem hafa starfsemi í Húnavatnssýslum styrki til verkefna. Skógræktarfélag Austur-Húnavetninga fer með umsjón á jörðinni Fjósum í Svartárdal og Skógræktarfélag Vestur-Húnavetninga fer með umsjón jarðarinnar Saura í Miðfirði.

## Skógræktarstarf Landsvirkjunar við Búrfell

Starfsmaður Skógræktarfélags Íslands hefur undanfarin ár haft faglega umsjón með framkvæmdum á skógræktarsvæði Landsvirkjunar við Búrfell. Uppvaxinn skógur var kortlagður sumarið 2016 og Íslensk skógarúttekt gerði mælingar og útreikninga á kolefnisbindingu. Skýrsluna má nálgast á heimasíðu Landsvirkjunar: <http://www.landsvirkjun.is/Media/onnur-uttekt-a-kolefnisbindingu-skograektar-a-vegum-landsvirkjunar3.pdf>.

## ERLEND SAMSKIPTI

Starfsmenn félagsins hafa sinnt erlendum fyrirspurnum og verið í samskiptum við ýmsa erlenda aðila sem til félagsins hafa leitað um upplýsingar um starfsemi félagsins og skógrækt á Íslandi almennt.

## European Forest Network

Ragnhildur Freysteinsdóttir og Einar Gunnarsson sóttu fund samtakanna í Regensburg í Þýskalandi í maí fyrir hönd Skógræktarfélags Íslands. Gestgjafi fundarins var Þýska skógræktarfélagið (*Deutscher Forstverein*). Næsti fundur samtakanna er fyrirhugaður í Póllandi árið 2018. Heimasíða samtakanna er: <http://www.forestrysocieties.eu/>.



*Mart Kelk frá Skógræktarfélaginu í Eistlandi segir frá því helsta í starfsemi félagsins og því sem það glímir við, á fundi evrópskra skógræktarféлага í Regensburg.*

## Fræðsluferðir

Rúmlega 40 manns fóru í fræðsluferð til Frakklands dagana 13. – 20. september 2016. Ferðin var skipulögð í samráði við Gabriel Pic, fyrrverandi starfsmann Skógræktarfélags Íslands, sem nú er búsettur í Frakklandi, og var hann einnig fararstjóri, ásamt Brynjólfi Jónssyni, fyrir hönd Skógræktarfélags Íslands.

Farin verður fræðsluferð til Bresku-Kólumbíu dagana 9. – 21. september. Eru rúmlega 50 manns skráðir í hana og komust færri að en vildu. Stefnt er að fræðsluferð til Spánar, til Pýrenea-fjallanna, haustið 2018.

## Heimsókn Skógræktarfélagans í Sogni og Fjörðum

Dagana 29. ágúst til 6. september mun 33 manna hópur frá æskuslóðum Ingólfs Arnarsonar og landnáms hans ferðast um landið sem gestir skógræktarfélaganna. En á móta stór hópur frá Íslandi naut fádæma gestrisni í ferð um hina undurfögru Sogn og Firði haustið 2014.

## ÝMIS VERKEFNI

Skógræktarfélag Íslands fæst við ýmis verkefni. Þar er einna mikilvægast fjölbreytt samstarf og samskipti við skógræktarfélögin í landinu, en auk þess leitar almenningur til félagsins eftir upplýsingum um hvaðeina er lýtur að gróðri, trjám og skógrækt.

## Stefnumótun

Áfram var haldið vinnu að endurskoðun á stefnumótun félagsins.

## Sjálfbóðaliðar – European Volunteer Service

Skógræktarfélagið er nú viðurkennt sem gestgjafi af European Volunteer Service, sem er hluti af Erasmus+ verkefni Evrópusambandsins. Félagið tók í maí í þriðja sinn á mótum fimm erlendum sjálfbóðaliðum, sem unnið hafa í skógum félagsins og aðildarféлага þess. Komu sjálfbóðaliðarnir í ár frá Ítalíu, Póllandi, Spáni og Tékklandi.



*European Volunteer Service sjálfbóðaliðarnir ásamt leiðbeinendum sínum og umsjónarmanni.*



## **Global ReLeaf styrkur**

Skógræktarfélag Íslands, í samvinnu við Skógræktarfélag Eskifjarðar og Alcoa á Íslandi, fékk styrk úr Global ReLeaf verkefninu, sem er samvinnuverkefni American Forests og Alcoa Foundation. Sótt var um fjármagn til gróðursetningar trjáplantna á Eskifirði og á Úlfliótsvatni og fékkst styrkur til þriggja ára, fyrir um 15.000 plöntum á ári.

## **Umsagnir**

Félagið sendi umsögn um frumvarp til laga um skóga og skógrækt, 407. mál, 146. löggjafarþing. Frumvarpið virðist um margt vera til bóta en fjallar í aðalatriðum um stjórnsýslulegan ramma nýrrar stofnunar, Skógræktarinnar, sem tók til starfa 1. júlí 2016. Þá var send umsögn vegna uppbyggingar innviða á ferðamannastöðum 2016.

## **Ofanflóðasjóður**

Undanfarin ár hefur Skógræktarfélag Íslands unnið með Ofanflóðasjóði og umhverfis- og auðlindaráðuneytinu að gerð verklagsreglna þegar meta þarf trjágróður á vegum skógræktarféлага á framkvæmdasvæðum ofanflóðavarna. Gengið var frá samkomulagi þar að lútandi sumarið 2015 og hefur svo verkefnið þróast nokkuð síðan. Haustið 2016 var gengið frá skipun tveggja matsmanna en annar er fulltrúi sveitarfélaga og stjórnar Ofanflóðasjóðs en hinn skipaður af Skógræktarfélagi Íslands. Fulltrúi fyrrnefndra aðila er Magnús Bjarklind, hjá verkfræðistofunni EFLU, en fulltrúi Skógræktarfélagsins er Jón Ásgeir Jónsson skógræðingur. Bætur sem greiddar eru til skógræktarféлага vegna trjágróðurs sem þarf að víkja byggja á niðurstöðum matsmanna og skýrslu sem þar liggur að baki. Fyrsta matsskýrslan var gerð 2017 vegna aurvarnargarða á Ísafirði. Fyrirsjáanlegt er að verkefni af þessum toga verði umtalsverð á næstu árum.



*Jón Ásgeir Jónsson og Einar Gunnarsson, starfsmenn Skógræktarfélagsins, að störfum.*

## **ÞAKKIR**

### **Samstarfsaðilar**

Skógræktarfélag Íslands á gott samstarf við ýmsar stofnanir og samtök, bæði hérlendis og erlendis, sem er félaginu mikils virði. Má þar sérstaklega til telja Skógræktina, Landgræðslu ríkisins og skátahreyfinguna.

### **Stuðningsaðilar**

Fjöldmörg fyrirtæki og einstaklingar hafa lagt starfsemi Skógræktarfélags Íslands lið á starfsárinu með ýmsum hætti. Ber þar sérstaklega að nefna Arion banka, Eimskip, Icelandair Group, IKEA, Odda, Toyota á Íslandi og Pál Samúelsson og Elínu Jóhannesdóttur.

Þessi stuðningur er félaginu ómetanlegur og auðveldar því að sinna meginhlutverki sínu, sem er að styðja hið mikilvæga starf skógræktarfélaganna og efla skilning á skógrækt í landinu.

**Stjórn Skógræktarfélags Íslands þakkar öllum velunnurum félagsins ómetanlegan stuðning við starfsemi félagsins og starfsmönnum fyrir gott samstarf og vel unnin störf á tímabilinu.**

**Reykjavík, ágúst 2017,  
f.h. stjórnar Skógræktarfélags Íslands,**

*Magnús Gunnarsson*

**Magnús Gunnarsson formaður**



*Bakkaplöntur bíða þess að vera settar niður að Úlfjótuvatni.*

**Skógræktarfélag Íslands**

**kt. 600269-3809**

**Ársreikningur 2016**



## Efnisyfirlit

	Bls.
Áritun óháðs endurskoðanda .....	2
Skýrsla stjórnar .....	3
Áritun skoðunarmanna .....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Skuldir og eigið fé .....	7
Sjóðstreymi .....	8
Bundnir sjóðir .....	9
Skýringar 1-6 .....	10
Skýringar 7 .....	11
Skýringar 8-10 .....	12
Skýringar 10-12 .....	13
Skýringar 13-15 .....	14
Skýringar 15-17 .....	15
Skýringar 18-20 .....	16

Skógræktarfélag Íslands  
Þórunnartúni 6  
105 Reykjavík

## Áritun endurskoðanda

Eymundur Sveinn Einarsson  
Löggiltur endurskoðandi

Til stjórnar Skógræktarfélags Íslands.

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Skógræktarfélags Íslands fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir, aðrar skýringar og sundurliðanir. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggir á könnuninni.

### *Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum*

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningssskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

### *Umfang könnunar*

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningssskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningssskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

### *Ályktun*

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu, efnahag þess 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Garðabæ, 15. febrúar 2017.

  
Löggiltur endurskoðandi

## Skýrsla stjórnar

---

Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra Skógræktarfélags Íslands koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í lok rekstrarárs, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir rekstrarárið 2016 með undirritun sinni.

Reykjavík, 15. febrúar 2017.

Framkvæmdastjóri:

*Beppi Þóra Jónsson*

Stjórn:

*Magnús Gunnarsson*  
*Sigrún Stefánsdóttir*  
*Guðrún Þurpúð Gunn*  
*Laufey B. Flammersdóttir*  
*Ólafur Þ. Þorsteinsson*

## Áritun skoðunarmanna

---

Undirritaðir, félagskjörnir skoðunarmenn Skógræktarfélags Íslands höfum yfirfarið bækur félagsins og leggjum til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Reykjavík, 15. febrúar 2017.

Skoðunarmenn:

Meðal Hlaðin  
Arni Þorólfsson

## Rekstrarreikningur ársins 2016

	Skýr.	2016	2015
<b>Rekstrartekjur</b>			
Styrkir og aðrar tekjur .....	5,12	21.169.640	18.529.602
70% framlag frá bundnum sjóðum .....	6	253.852	6.103.000
Sérgreind verkefni .....	7	12.947.090	8.420.937
Styrkur frá Ríkissjóði .....		8.100.000	7.100.000
Árgjöld .....		<u>1.344.975</u>	<u>1.337.800</u>
		<u>43.815.557</u>	<u>41.491.339</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	8	29.141.969	26.733.150
Annar rekstrarkostnaður .....	9	9.508.116	9.549.246
Afskriftir .....	2,10	<u>1.802.748</u>	<u>1.506.612</u>
		<u>40.452.833</u>	<u>37.789.008</u>
<b>Rekstrarafkoma án fjármagnskostnaðar</b>		3.362.724	3.702.331
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....		146.994	152.103
Vaxtagjöld og verðbætur .....		(2.289.423)	(2.589.505)
Greiddur fjármagnstekjuskattur .....		<u>(17.827)</u>	<u>(21.865)</u>
		<u>(2.160.256)</u>	<u>(2.459.267)</u>
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b>	11	<u>1.202.468</u>	<u>1.243.064</u>



## Efnahagsreikningur 31. desember 2016

Eignir	Skýr	2016	2015
<b>Fastafjármunir</b>	<b>2,10</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Fasteignir .....		187.111.317	188.219.240
Bifreið .....		1.246.404	0
Áhöld og tæki .....		2.285.366	2.326.121
		<u>190.643.087</u>	<u>190.545.361</u>
Áhættufjármunir:			
Eignarhlutir í öðrum félögum .....		100.000	100.000
		<u>100.000</u>	<u>100.000</u>
	<b>Fastafjármunir</b>	<u>190.743.087</u>	<u>190.645.361</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Skammtímakröfur			
Viðskiptakröfur .....	<b>3</b>	17.055.854	17.703.350
Útistandandi hjá bundnum sjóðum .....	<b>6</b>	3.356.852	6.103.000
Handbært fé .....	<b>4</b>	2.008.552	3.995.921
	<b>Veltufjármunir</b>	<u>22.421.258</u>	<u>27.802.271</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>213.164.345</u>	<u>218.447.632</u>

## Eigið fé og skuldir 31. desember 2016

	Skýr	2016	2015
<b>Eigið fé</b>			
Óráðstafað eigið fé .....	11	165.901.313	145.948.845
	Eigið fé	<u>165.901.313</u>	<u>145.948.845</u>
<b>Langtímaskuldir:</b>			
Skuldabréfalán .....	18	34.792.188	34.792.188
		<u>34.792.188</u>	<u>34.792.188</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....		0	2.984.365
Viðskiptaskuldir .....		2.298.203	3.339.664
Ógreidd útborgun vegna Úlfjótsvatns .....	19	0	18.750.000
Ógreiddir áfallnir vextir langtímalána .....		1.739.609	2.123.637
Ónýttur styrkur verkefna .....	7	0	1.742.676
Aðrar skammtímaskuldir .....		8.433.032	8.766.257
		<u>12.470.844</u>	<u>37.706.599</u>
	Skuldir samtals	<u>47.263.032</u>	<u>72.498.787</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>213.164.345</u>	<u>218.447.632</u>



## Rekstrarreikningur ársins 2016

## Bundnir sjóðir

	Skýr.	2016	2015
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>			
Hækkun verðbréfasafns .....		347.615	9.285.567
Fjármagnstekjuskattur vegna sjóða .....		(7.649)	(11.425)
Vaxtatekjur og verðbætur á bundna sjóði .....		39.837	58.456
Greiddur fjármagnstekjuskattur og áfallnar verðbætur .....		(313)	(262)
Fjármagnstekjuskattur af söluhagnaði .....		(1.180.360)	(1.638.437)
Framlag til Skógræktarfélag Íslands .....	6	(253.852)	(6.103.000)
		<u>(1.054.722)</u>	<u>1.590.899</u>
<b>Óreglulegir liðir:</b>			
Framlag til Skógræktarfélag Íslands .....		(21.750.000)	(37.000.000)
Framlag vegna fyrra árs til Skógræktarfélag Íslands .....		3.000.000	342.311
		<u>(18.750.000)</u>	<u>(36.657.689)</u>
<b>Afkoma ársins</b>		<u>(19.804.722)</u>	<u>(35.066.790)</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2016

Eignir	Skýr	2016	2015
<b>Fastafjármunir</b>			
Sjóður Ólafíu G. Jónsdóttur og Guðmundar Þorsteinsson .....	13	13.412.163	22.192.763
Sjóður Aðalsteins Kristjánssonar .....	14	6.561.580	10.857.278
Sjóður Ármanns Jónssonar .....	15	5.110.710	8.456.561
Sjóður Andrésar Gunnarssonar .....	16	7.693.277	12.729.868
Fræðslusjóður .....	17	1.668.201	2.760.329
		<u>34.445.929</u>	<u>56.996.799</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>34.445.929</u>	<u>56.996.799</u>

## Eigið fé og skuldir 31. desember 2016

	Skýr	2016	2015
<b>Eigið fé</b>			
Óráðstafað eigið fé .....		50.893.799	85.960.589
Afkoma ársins .....		(19.804.722)	(35.066.790)
<b>Eigið fé</b>		<u>31.089.077</u>	<u>50.893.799</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Ógreitt framlag til Skógræktarfélag Íslands .....	6	3.356.852	6.103.000
		<u>3.356.852</u>	<u>6.103.000</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>34.445.929</u>	<u>56.996.799</u>

## Skýringar

### Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

#### 1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

#### 2. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundruðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð.

#### 3. Viðskiptakröfur

Skammtímakröfur eru færðar niður um 1,0 millj. kr. til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er degin frá viðkomandi lið í efnahagsreikningi.

#### 4. Handbært fé

Sjóður og bankainnistæður teljast til handbærs fjár.

#### 5. Tekjur

Styrkir og aðrar tekjur greinast þannig:

	2016	2015
Gjafir og styrkir .....	979.480	1.113.592
Framlag frá Yrkjusjóð vegna umsjónar .....	1.100.000	1.100.000
Framlag vegna Landgræðsluskóga .....	3.500.000	3.500.000
Alcoa verkefni .....	766.379	3.268.564
Framlag vegna Kolefnissjóðs .....	3.150.000	650.000
Framlag vegna sjóðaumsjónar .....	500.000	300.000
Húsaleigutekjur .....	839.216	839.316
Endurgreiddur kostnaður .....	372.163	580.129
Embla II .....	(23.700)	568.123
Hópferðir .....	820.280	804.000
Ofanflóðasjóður .....	3.010.500	0
	<u>15.014.318</u>	<u>12.723.724</u>

#### 6. Framlag frá bundnum sjóðum greinist þannig:

Sjóður Ólafíu G. Jónsdóttur og Guðmundar Þorsteinsonar .....	103.873	2.497.257
Sjóður Aðalsteins Kristjánssonar .....	50.817	1.221.723
Sjóður Ármanns G. Jónssonar .....	39.581	951.581
Sjóður Andrésar Gunnarssonar .....	59.582	1.432.438
	<u>253.852</u>	<u>6.103.000</u>
Ógreitt framlag 1.1. ....	6.103.000	0
Greiðsla frá bundnum sjóðum .....	(3.000.000)	0
Ógreitt framlag frá bundnum sjóðum 31.12. ....	<u>3.356.852</u>	<u>6.103.000</u>
Fræðslusjóður .....	<u>12.920</u>	<u>310.608</u>
	<u>266.772</u>	<u>6.413.608</u>
70% raunávöxtun. Til ráðstöfunar til eflingar skógræktar á Íslandi ...	253.852	6.103.000
70% raunávöxtun til styrktar náms- og rannsóknarstarfi .....	12.920	310.608
30% raunávöxtun. Til hækkunar á bundnum sjóðum .....	114.331	2.748.689
Breyting verðbóta á árinu hækkun .....	7.241	183.246
Nafnávöxtun bundinna sjóða á árinu .....	<u>388.344</u>	<u>9.345.543</u>

## Skýringar frh:

### 7. Sérgreind verkefni

Sundurliðun vegna verkefna greinist þannig.:	2016	2015
<b>Útgáfustarfsemi:</b>		
Ársrit, bækur og smárit .....	12.194.124	12.761.365
Styrktarlínur .....	2.489.000	2.294.000
Auglýsingar .....	2.610.000	2.687.000
Launakostnaður .....	(3.000.000)	(4.000.000)
Annar kostnaður við útgáfu .....	(6.982.569)	(8.831.059)
	<u>7.310.555</u>	<u>4.911.306</u>
<b>Tré ársins:</b>		
Styrkir .....	500.000	555.000
Annar kostnaður .....	(377.325)	(79.896)
	<u>122.675</u>	<u>475.104</u>
<b>Úifljótsvatn:</b>		
Tekjur og styrkir .....	494.689	2.681.625
Launakostnaður .....	(1.900.000)	(1.900.000)
Húsnæðiskostnaður .....	(1.715.985)	(1.511.311)
Annar rekstrarkostnaður .....	(418.362)	(279.686)
	<u>(3.539.658)</u>	<u>(1.009.372)</u>
<b>Opinn skógur:</b>		
Styrkir .....	6.338.466	1.752.927
Launakostnaður .....	(1.000.000)	(500.000)
Keyptar vörur og þjónusta .....	(866.740)	(1.246.384)
Annar rekstrarkostnaður .....	(10.000)	(12.350)
	<u>4.461.726</u>	<u>(5.807)</u>
<b>Brynjudalur:</b>		
Sala .....	5.456.091	5.610.317
Aðrar tekjur .....	133.600	239.956
Styrkir .....	2.700.000	3.075.000
Launakostnaður .....	(2.000.000)	(2.500.000)
Annar rekstrarkostnaður .....	(1.710.021)	(2.288.966)
	<u>4.579.670</u>	<u>4.136.307</u>
<b>Vinaskógur:</b>		
Styrkir .....	600.000	415.000
Annar rekstrarkostnaður .....	(238.606)	(401.601)
Launakostnaður .....	(400.000)	(100.000)
	<u>(38.606)</u>	<u>(86.601)</u>
<b>Sjálfboðaliðar:</b>		
Ónýttur styrkur 1.1.2016 .....	1.742.676	0
Styrkir og aðrar tekjur .....	3.953.456	8.528.700
Launakostnaður .....	(2.400.000)	(3.000.000)
Fæði og gisting .....	(1.792.643)	(2.458.879)
Bifreiðakostnaður .....	(615.490)	(684.814)
Annar rekstrarkostnaður .....	(837.271)	(642.331)
Ónýttur styrkur 31.12. ....	0	(1.742.676)
Ónýttur styrkur 31.12. ....	<u>50.728</u>	<u>0</u>
Sérgreind verkefni samtals .....	<u>12.947.090</u>	<u>8.420.937</u>

## Skýringar frh:

### 8. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2016	2015
Laun .....	34.127.481	32.597.671
Ökutækjastyrkur .....	1.626.240	1.753.244
Lífeyrissjóðsframlag .....	4.393.142	4.134.102
Tryggingagjald .....	2.881.553	2.882.529
Áunnið orlof starfsmanna, breyting .....	(541.288)	37.696
Önnur launatengd gjöld .....	854.841	827.908
Laun færð á sérgreind verkefni .....	(14.200.000)	(15.500.000)
	<u>29.141.969</u>	<u>26.733.150</u>

### 9. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

Húsnæðiskostnaður .....	1.598.508	1.463.281
Skrifstofukostnaður .....	223.847	79.243
Sími og burðargjöld .....	653.147	661.723
Bankakostnaður vegna innheimtu o.fl. ....	51.159	60.828
Gjafir, styrkir og risna .....	30.332	112.895
Kaffistofa og starfsmannatengdur kostnaður .....	174.429	132.722
Fundakostnaður .....	2.516.278	2.677.429
Ferðakostnaður .....	107.069	0
Gjaldfærð áhöld og tæki, viðhald áhalda .....	191.941	222.441
Rekstur bifreiða .....	2.128.718	2.214.867
Aðkeypt sérfræðiaðstoð .....	607.900	665.614
Rekstur tölvukerfis .....	670.407	739.779
Niðurfærsla viðskiptakrafna .....	344.241	0
Niðurfærsla viðskiptaskulda .....	(1.196.408)	0
Félags og aðildargjöld .....	64.000	96.580
Kostnaður vegna Esjuhlíða .....	129.342	17.502
Opið hús .....	346.129	19.650
Annar kostnaður .....	333.127	331.002
Kolviður .....	533.950	0
Sölugjöld fastafjármuna .....	0	53.690
	<u>9.508.116</u>	<u>9.549.246</u>

### 10. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Bifreið	Áhöld og tæki	Samtals
Flutt frá fyrra ári .....	194.804.734	0	12.896.066	207.700.800
Viðbót á árinu .....	0	1.466.358	434.116	1.900.474
	<u>194.804.734</u>	<u>1.466.358</u>	<u>13.330.182</u>	<u>209.601.274</u>
Afskrifað frá fyrra ári .....	6.585.494	0	10.569.945	17.155.439
Afskrift ársins .....	1.107.923	219.954	474.871	1.802.748
	<u>7.693.417</u>	<u>219.954</u>	<u>11.044.816</u>	<u>18.958.187</u>
Bókfært verð 31.12. ....	187.111.317	1.246.404	2.285.366	190.643.087
Afskriftarhlutföll .....	2%	15%	10-20%	
Áætlaður nýtingartími .....	50 ár	7 ár	5-10 ár	

## Skýringar frh:

### 10. Veranlegir rekstrarfjármunir, frh:

Fasteignir sundurliðun:	Bókfært verð	Fasteignamat	Brunabótamat
Þórunnartún 6, Reykjavík .....	10.262.460	39.550.000	46.500.000
Saurar, jörð og ræktað land .....	225.040	800.000	0
Saurar, vélageymsla og votheysturn .....	229.680	198.000	2.850.000
Saurar, Miðfjarðará - veiðihlunnindi .....	2.757.000	5.040.000	0
Saurar, einbýli .....	1.027.180	5.160.000	19.750.000
Brynjudalur .....	7.692.625	0	0
Sandey - Þingvallasveit .....	14.578	0	0
Kvíar í Jökulfjörðum .....	57.474	0	0
Úlfjótuvatn í Grímsnes- og Grafningshreppi .....	164.845.280	0	0
	<u>187.111.317</u>	<u>50.748.000</u>	<u>69.100.000</u>

Skógræktarfélag Íslands hefur gert samning við Skógræktarfélag Vestur - Húnavatnssýslu um umsjón, ræktun og rekstur á jörð sinni að Saurum í Miðfirði. Skógræktarfélag Vestur - Húnavatnssýslu fer með atkvæði Saura í Veiðifélagi Miðfjarðará og fer með ráðstöfun á arði af Miðfjarðará svo og öðrum tekjum sem til jarðarinnar kunna að renna. Á móti kemur að Skógræktarfélag Vestur - Húnavatnssýslu stendur skil á sköttum og skyldum af jörðinni og fasteignum á henni.

Skógræktarfélag Íslands hefur gert leigusamning við Landbúnaðarráðuneytið um að félagið leigi hluta úr jörðinni Kárastöðum í Þingvallarhreppi til ársins 2065, án endurgjalds, nánar tiltekið svæði undir Vinaskóg. Að samningstíma liðnum hefur Skógræktarfélag Íslands forleigurétt að landssvæðinu.

### 11. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé 1.1. ....	145.948.845
Afkoma ársins .....	1.202.468
Framlag frá bundnum sjóðum .....	18.750.000
Eigið fé 31.12. ....	<u>165.901.313</u>

### 12. Landgræðsluskógar

	2016	2015
Styrkur frá ríkissjóði .....	35.000.000	35.000.000
Umsjón Skógræktarfélags Íslands vegna Landgræðsluskóga .....	(3.500.000)	(3.500.000)
Launakostnaður Skógræktarfélags Íslands .....	(3.500.000)	(3.500.000)
Plöntukaup .....	(21.215.892)	(21.810.882)
Annar kostnaður .....	(628.786)	(383.240)
Úttekt og grisjun .....	(6.155.322)	(5.805.878)
Ónýttur styrkur 31.12. ....	<u>0</u>	<u>0</u>



## Skýringar frh:

### Bundnir sjóðir

13. Sjóður Ólafíu G. Jónsdóttur og Guðmundar Þorsteinssonar:	2016	2015
Staða 1.1. ....	22.192.763	33.603.638
Hækkun/(lækkun) verðbréfasafns .....	(8.780.600)	(11.410.875)
Staða 31.12. ....	<u>13.412.163</u>	<u>22.192.763</u>

Samkvæmt reglum sjóðsins er Skógræktarfélag Íslands heimilt að verja 70% af raunávöxtun hans til eflingar skógræktar á Íslandi. Raunávöxtun ársins 2016 hefur verið reiknuð og er hún kr. 148.390.- Til ráðstöfunar vegna ársins 2016 er því kr. 103.873.- Við útreikning raunávöxtunar er miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs á árinu 2016.

Í desember árið 2011 fjárfesti Skógræktarfélag Íslands í fasteignum og landi við Úlfjótuvatn í Grímsnes- og Grafningshreppi fyrir 150 millj. kr. Vegna fjárfestingarinnar voru teknar 87,5 millj. kr. út úr sjóðnum til að fjármagna kaupin. Miðað við vísitölu er verðmæti framlags sjóðsins framreiknað 99,5millj. kr. í árslok 2016.

Eignir sjóðsins greinast þannig:

Verðbréfasafn .....	<u>13.412.163</u>	<u>22.192.763</u>
---------------------	-------------------	-------------------

14. Sjóður Aðalsteins Kristjánssonar:	2016	2015
Yfirlit um sjóð Aðalsteins Kristjánssonar:		
Staða 1.1. ....	10.857.278	16.439.776
Hækkun/(lækkun) verðbréfasafns .....	(4.295.699)	(5.582.498)
Staða 31.12. ....	<u>6.561.580</u>	<u>10.857.278</u>

Samkvæmt reglum sjóðsins er Skógræktarfélag Íslands heimilt að verja 70% af raunávöxtun hans til eflingar skógræktar á Íslandi. Raunávöxtun ársins 2016 hefur verið reiknuð og er hún kr. 72.596.- Til ráðstöfunar vegna ársins 2016 er því kr 50.817.- Við útreikning raunávöxtunar er miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs á árinu 2016.

Eignir sjóðsins greinast þannig:

Verðbréfasafn .....	<u>6.561.580</u>	<u>10.857.278</u>
	<u>6.561.580</u>	<u>10.857.278</u>

15. Sjóður Ármanns G. Jónssonar:	2016	2015
Yfirlit um sjóð Ármanns G. Jónssonar:		
Staða 1.1. ....	8.456.561	12.804.679
Hækkun/(lækkun) verðbréfasafns .....	(3.345.851)	(4.348.118)
Staða 31.12. ....	<u>5.110.710</u>	<u>8.456.561</u>

Samkvæmt reglum sjóðsins er Skógræktarfélag Íslands heimilt að verja 70% af raunávöxtun hans til eflingar skógræktar á Íslandi. Raunávöxtun ársins 2016 hefur verið reiknuð og er hún kr. 56.544.- Til ráðstöfunar vegna ársins 2016 er því kr. 39.581.- Við útreikning raunávöxtunar er miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs á árinu 2016.

## Skýringar frh:

### 15. Sjóður Ármanns G. Jónssonar, frh.:

Yfirlit um sjóð Ármanns G. Jónssonar, frh.:

Í febrúar árið 2005 fjárfesti Skógræktarfélag Íslands í húseign að Skúlatúni 6 í Rvk., fyrir 11,5 millj. kr. og voru kaupin fjármögnuð að mestu með úttekt úr sjóðnum. Miðað við vísitölu er verðmæti framlags sjóðsins framreiknað 21.0 millj. kr. í árslok 2016.

Eignir sjóðsins greinast þannig:

Verðbréfasafn .....	5.110.710	8.456.561
---------------------	-----------	-----------

### 16. Sjóður Andrésar Gunnarssonar:

Yfirlit um sjóð Andrésar Gunnarssonar:

2016

2015

Staða 1.1. ....	12.729.868	19.275.197
Hækkun/(lækkun) verðbréfasafns .....	(5.036.592)	(6.545.329)
Staða 31.12. ....	7.693.277	12.729.868

Samkvæmt reglum sjóðsins er Skógræktarfélag Íslands heimilt að verja 70% af raunávöxtun hans til eflingar skógræktar á llandi. Raunávöxtun ársins 2016 hefur verið reiknuð og er hún kr. 85.117.- Til ráðstöfunar vegna ársins 2016 er því kr. 59.582.- Við útreikning raunávöxtunar er miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs á árinu 2016.

Eignir sjóðsins greinast þannig:

Verðbréfasafn .....	7.693.277	12.729.868
---------------------	-----------	------------

### 17. Fræðslusjóður:

Yfirlit um Fræðslusjóð:

2016

2015

Staða 1.1. ....	2.760.329	4.179.610
Hækkun/(lækkun) verðbréfasafns .....	(1.092.128)	(1.419.281)
Staða 31.12. ....	1.668.201	2.760.329

Fræðslusjóður var stofnaður 25.ágúst 2000 með loforði um fjárframlög frá Skógræktarfélagi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Landsvirkjun og Orkuveitu Reykjavíkur. Samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins er heimilt að verja 70% af raunávöxtun sjóðsins til að styrkja unga námsmenn til framhaldsmenntunar í skógfræðum auk þess að veita einstaklingum styrki til skógræktarrannsókna.

Eignir sjóðsins greinast þannig:

Verðbréfasafn .....	1.668.201	2.760.329
---------------------	-----------	-----------

## Skýringar frh:

### 18. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru tilkomnar vegna kaupa félagsins á Úlfjótavatni í Grímsnes-og Grafningshreppi af Orkuveitu Reykjavíkur. Gefið var út skuldabréf til 25 ára sem ber 5% vexti og er óverðtryggt. Skuldabréfið ber vexti frá 1. janúar 2012 og gjalddagi fyrstu afborgunar var 1. janúar 2013. Á árinu 2015 fékk Skógræktarfélag Íslands framlag frá bundnum sjóðum til niðurgreiðslu á langtímaskuldum félagsins. Framlag nam 35 m.kr. sem var nýtt til innborgunar á höfuðstól samtals að fjárhæð 31.6 m.kr. og til greiðslu áfallinna vaxta samtals að fjárhæð 3.3 m.kr. Engin afborgun var greidd vegna ársins 2016, bókfærðir áfallnir vextir í árslok 2016 námu 1.7 m.kr.

Yfirlit um langtímaskuldir:

2016

Óverðtryggt lán frá Landgræðslusjóði 1.1.2016 .....	34.792.188
Afborgun ársins .....	0
Langtímaskuldir samtals	<u>34.792.188</u>

Afborganir af langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu ár:

Næsta árs afborgun .....	1.656.771
Árið 2018 .....	1.656.771
Árið 2019 .....	1.656.771
Síðar .....	<u>29.821.875</u>
Langtímaskuldir samtals þ.m.t. næsta árs afborganir	<u>34.792.188</u>

### 19.

Á árinu 2016 fékk Skógræktarfélag Íslands framlag frá bundnum sjóðum til niðurgreiðslu á skammtímaláni félagsins við Orkuveitu Reykjavíkur. Framlag nam 18.7 m.kr. og nýtt til uppgreiðslu á höfuðstól samtals að fjárhæð 18.7 m.kr.

### 20. Lykiltölur:

2016

2015

Veltufjárhlutfall - veltufjármunir / skammtímaskuldir .....	1,80	0,74
Eiginfjárhlutfall - eigið fé / heildareignir .....	0,78	0,67

**Skógræktarfélag Íslands**  
**Þórunnartúni 6 - 105 Reykjavík**  
**Sími: 551-8150**  
**Netfang: [skog@skog.is](mailto:skog@skog.is)**  
**Veffang: [www.skog.is](http://www.skog.is)**